

Nd.

214. Frumvarp til laga

um Reykjavíkurhöfn.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Hallgrímur Benediktsson, Jóhann Hafstein, Gylfi Þ. Gíslason, Sigfús Sigurhjártarson, Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Reykjavíkurhöfn takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmisins. Sjávarmegin ræður mörkum:

1. að sunnan skipalægi við strandlengju lögsagnarumdæmisins við Skerjafjörð;
2. að norðan skipalægi við strandlengjuna og undan henni, að undanskildu svæði, sem takmarkast af netlögum Engeyjar, Viðeyjar og Lundeyjar. Þó hefur Viðey óskertan og kvaðalausan rétt til bryggju- og hafnargerðar, þótt lengra ná frá landi en netlög.

Þar sem svo hagar til, að lögsagnarumdæmi Reykjavíkur er öðrum megin vikur eða vogar, en annað lögsagnarumdæmi hinum megin, fara hafnarmörk eftir miðjum vogi.

Skipa má mörkum nánar með reglugerð, og skal þess þá gætt eftir föngum, að með hafnarsvæði Reykjavíkur verði talin skipalægi, þar sem skip leggjast á svæðinu, er greinir í 2. og 3. mgr., og hafa aðallega samband við Reykjavík.

2. gr.

Um framlag úr ríkissjóði til hafnargerðar og hafnarbóta í Reykjavík, svo og heimildir ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til þeirra framkvæmda, fer eftir ákvæðum í 1. gr. og 2. gr. A., sbr. 3. gr. laga um hafnargerðir og lendingarbætur nr. 29 23. apríl 1946, eða lagaákvæðum, sem sett verða í þeirra stað.

Til hafnargerða, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við skipasmíðastöð við Elliðaárvog veitir ríkissjóður $\frac{2}{5}$ kostnaðar, allt að 2 millj. króna, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin samþykkir, og þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, gegn framlagi að $\frac{3}{5}$ hlutum frá Reykjavíkurhöfn.

Ríkisstjórninni veitist og heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, allt að 3 millj. króna, sem Reykjavíkurhöfn kann að taka, með ábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur, til mannvirkjagerðar við Elliðaárvog, samkv. 2. mgr.

Ekki er heimilt að taka slíkt lán eða leita eftir því erlendis, nema með sérstöku samþykki ráðherra.

Það er skilyrði fyrir framlagi og ábyrgð ríkissjóðs samkv. 2. og 3. mgr., að yfirumsjón með framkvæmdum og reikningshald allt verði falið mönnum, sem ráðherra samþykkir.

Með reglugerðarákvæði skal tryggja almenningi jafnan rétt til afnota hafnarmannvirkjanna við Elliðaárvog, sem verða gerð samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera hafnarmannvirki eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem mannvirkjagerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málstaðilum. Kostnað við matið greiðir Reykjavíkurhöfn. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 3 dómkvöddum mönnum, og fer um dómkvaðningu samkv. 6. eða 7. gr. laga um

framkvæmd eignarnáms, nr. 61 14. nóv. 1917. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil um 10% eða meira. Ella greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

4. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, þar á meðal hvorki dýpkanir né uppfyllingar, né breyta mannvirkjum, sem nú eru, nema með samþykki hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

Beiðnir um slíkar framkvæmdir skal senda hafnarstjórn, með uppdráttum og lýsingum, sem hún telur fullnægjandi, en hafnarstjórn sendir málið til bæjarstjórnar, með rökstuddum tillögum og ályktunum sínum.

Sá, sem fengið hefur leyfi til slíkra framkvæmda, skal halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því að dómi hafnarstjórnar.

Sé leyfi til mannvirkjagerðar á hafnarsvæðinu eigi notað innan 2 ára frá veitingu þess, eða framkvæmdum ekki lokið innan hæfilegs frests, sem settur er, þegar leyfið er veitt, þá fellur leyfið úr gildi, og eru framkvæmdir óheimilar, nema nýtt leyfi komi til.

Heimilt er hafnarstjórn að nema í burtu án endurgjalds, bryggjur eða önnur mannvirki meðfram strandlengju hafnarinnar, sem hafa staðið ónotuð í 5 ár eða lengur.

Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur hafnarstjórn látið nema í burtu á kostnað eiganda mannvirki, sem gerð eru án leyfis eða án þess, að settum skilyrðum sé hlýtt, svo og mannvirki, sem hætta er talin stafa af, enda ræki eigandi ekki viðhaldsskyldu sína eftir kröfu hafnarstjórnar.

5. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirmansjón þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum, er bæjarstjórn kys, 3 úr tölu bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Fulltrúar þeir, er kosnir eru utan bæjarstjórnar, skulu vera úr tölu þeirra manna, er þekkingu hafa á verzlun, útgerð og siglingum. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúana úr tölu bæjarfulltrúanna sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er 4 ár, hið sama og bæjarstjórnar. Skal kjósa hafnarstjórn á fyrsta eða öðrum fundi nýkosinnar bæjarstjórnar, og lýkur þá kjörtímabili fráfarandi hafnarstjórnar. Núverandi hafnarstjórn heldur umboði sínu fram yfir næstu bæjarstjórnarkosningar.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta borgarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarstjórnar, og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kys formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má borgarstjóra eða hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi þeir þar atkvæðisrétt.

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

7. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Aðra fasta starfsmenn ræður hafnarstjórn.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir Reykjavíkurhafnar.

Samþykktir, er snerta fjárhag hafnarinnar, öðlast eigi gildi, nema samþykki hafnarstjórnar komi til.

9. gr.

Ekki er heimilt, án samþykkis ráðherra, að selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standast kostnað við byggingu og endurbætur hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að leggja á og innheimta skipagjöld af öllum skipum og bátum, sem hafna sig á hafnarsvæði Reykjavíkur (sbr. 1. gr.), þ. e. lestagjald, vitagjald, bryggjugjald, festargjald.

Herskip og varðskip eru undanþegin þessum gjöldum, og skemmtiferðaskip eru undanþegin lesta- og vitagjaldi.

Þá er heimilt að leggja vörugjald á þær vörur, sem fluttar eru úr skipi eða fluttar í skip á hafnarsvæðinu, þ. á m. kjölfestu.

Þessi gjöld, sem og gjöld fyrir afnot af eignum og tækjum hafnarinnar, þ. á m. mannvirkjum, sem gerð kunna að verða við Elliðaárvog, skal ákveða með reglugerð, er hafnarstjórn og bæjarstjórn setja, en ráðherra staðfestir, og skal þar kveðið á um, hver greiða skuli gjöldin og innheimta.

Fela má þeim embættismanni, sem innheimtir skipagjöld fyrir ríkissjóð (tollstjóra) innheimtu hafnargjalda, eftir því sem við á og gegn þóknun, er ráðherra ákveður. Skal heimilt að neita um afgreiðslu skips hjá nefndum innheimtumanni ríkisins, nema greidd séu öll hafnargjöld, sem skipinu ber að greiða.

Öll hafnargjöld, sem krafin verða skv. staðfestri reglugerð, má taka lögtaki, og þau hafa forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b. tölulið 3 skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin, sem og hafnsögugjöld, tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

11. gr.

Reikningsár Reykjavíkurhafnar er almanaksárið.

12. gr.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skulu hafnarstjórn og bæjarstjórn hafa samið áætlun um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlunina ber að senda fyrir árslok til ráðherra til samþykktar, ásamt nauðsynlegum skýringum.

13. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðherra þarf til, og skal þá senda ráðuneytinu tilkynningu um slíkar fyrirætlanir hafnarstjórnar og bæjarstjórnar svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki þess verði fengið, áður en lokið er samþykkt á fjárhagsáætlun hafnarinnar.

14. gr.

Óheimilt er að hefja framkvæmdir, sem fé er ekki veitt til í fjárhagsáætlun, eða að fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hafnarstjórnar og bæjarstjórnar og staðfestingar ráðherra.

15. gr.

Hafnarstjóra ber að halda reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar. Við lok hvers reikningsárs skal, svo fljótt sem unnt er, gera reikning yfir tekjur og gjöld á liðnu reikningsári og efnahagsreikning.

Getur ráðherra fyrirskipað, að reikningana skuli gera á eyðublöð, sem ráðuneytið lætur í té.

Reikningana skal endurskoða á sama hátt og reikninga bæjarsjóðs, og skulu þeir lagðir fyrir hafnarstjórn og bæjarstjórn til úrskurðar.

Samrit úrskurðaðra reikninga hafnarinnar skal jafnan sent ráðuneytinu.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, sem hafnarstjórn og bæjarstjórn setja, en ráðherra staðfestir, allt það, er lýtur að stjórn hafnarinnar og hafnarsjóðs, hafnsögu og hafnsöguskyldu, greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru varðandi höfnina, eftir því sem þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á henni, allt að 10 000 krónum.

Sektir samkv. lögum þessum og reglugerðum, sem verða settar samkvæmt þeim, renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem verða settar samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 26. töluliður í A-lið 2. greinar laga nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, lög nr. 111 30. des. 1943, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

Reglugerðir, sem settar voru samkvæmt hafnarlögum fyrir Reykjavík nr. 19 11. júlí 1911, með áorðnum breytingum, halda gildi, þar til nýjar reglugerðir verða settar samkvæmt þessum lögum.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk hafnarstjórnar Reykjavíkur, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Með lögum um hafnargerðir og lendingarbætur nr. 29 23. apríl 1946, voru afnumin hafnarlög fyrir Reykjavík, nr. 19 11. júlí 1911, ásamt l. nr. 49 23. júní 1932 og l. nr. 36 19. júní 1933, um breytingu á þeim lögum.

Það má fullyrða, að ekki hefur vakað fyrir löggjafanum að breyta hafnarlögum Reykjavíkur til óhagræðis fyrir starfsemi hafnarinnar, en við nánari athugun telur hafnarstjórn Reykjavíkur, að svo hafi verið gert með afnámi framanskráðra lagaákvæða, sem í sumum greinum veittu Reykjavíkurhöfn nokkra sérstöðu.

Það ber einkum tvennt til, að hafnarstjórnin telur hina nýju löggjöf lítt viðunandi fyrir Reykjavíkurhöfn. Fyrri atriðið er afnám ákvæðisins um lögveð fyrir skipagjöldum, sem sett var með l. nr. 36 1933. Hitt atriðið er ákvæði 4. mgr. 9. gr. laganna nr. 29 1946, sem er nýmæli, að því er tekur til Reykjavíkurhafnar, og til þess fallið að valda ágreiningi, svo að ekki sé sterkara að kveðið.

Vegna þessara ákvæða óskar hafnarstjórnin breytinga á hafnarlögnum, og að athuguðu máli telur hafnarstjórnin þá réttast, að sett verði sérlög um Reykjavíkurhöfn, enda verður því ekki mælt í mót, að Reykjavíkurhöfn hefur jafnan haft nokkra sérstöðu, m. a. að því leyti, að framlög úr ríkissjóði til hafnargerðar í Reykjavík hafa verið mun minni hlutfallslega en framlög til hafnargerða annars staðar. Stofn-

kostnaðarreikningur Reykjavíkurhafnar nemur nú ca. 22 400 000 kr., þar af framlag úr ríkissjóði á fyrstu árum hafnargerðarinnar kr. 400 000, en ekkert síðan.

Því til stuðnings, að rétt sé að setja sér lög fyrir Reykjavíkurhöfn, bendir hafnarstjórnin og á, að með almennu hafnargerðalögum nr. 29 1946 voru ekki afnumin l. nr. 111 30. des. 1943, um breytingu á hafnarlögum Reykjavíkur, sem sett voru vegna fyrirhugaðra mannvirkja við Elliðaárvog. Þau lög eru því talin halda gildi enn, eftir að hafnarlögin, sem þar er vísað til, eru að öðru leyti numin úr gildi, og mega allir sjá, að það lagaform fær ekki staðizt.

Hafnarstjórn óskar því þess, að sérstök hafnarlög verði nú þegar sett fyrir Reykjavík, og hefur látið semja meðfylgjandi frv., sem er að efni til sniðið eftir hafnargerðalögum nr. 29 1946 og lögum nr. 111 1943, með þeim breytingum, sem hafnarstjórn telur æskilegar eða horfi til bóta, en jafnframt haldið þeim ákvæðum eldri hafnarlaga fyrir Reykjavík, sem beinlínis þykir miður farið, að felld séu úr gildi, eða réttara þykir að skipa með lögum, ef sérstök hafnarlög verða á annað borð sett fyrir Reykjavíkurhöfn. Verður nánar vikið að þessu í sambandi við umsögn um einstakar frumvarpsgreinar, en um þær skal tekið fram:

Um 1. gr.

Skv. þessari grein eru skilgreind takmörk hafnarsvæðisins mjög samkv. ákvæðum laga nr. 49 1932, en með breytingum, sem leiðir af stækkun lögsagnarumdæmisins síðan.

Skv. frv. er hafnarsvæðið að visu fært nokkuð út að norðanverðu, þannig að t. d. mundu skipalægin fyrir utan Engey og Viðey teljast með hafnarsvæði Reykjavíkur, enda eðlilegt eins og nú hagar til. Þar leggjast ekki önnur skip en þau, sem fá afgreiðslu í Reykjavík, ef þau fá nokkra afgreiðslu hér.

Með frv. greininni eru dregin mörk hafnarsvæðisins, þar sem svo hagar til, að það er vík eða vogur, þar sem annað lögsagnarumdæmi á land hinum megin.

E. t. v. mætti fella þessa mgr. niður, en láta nægja 5. mgr., um að skipa hafnarmörkum nánar með reglugerð (heldur en gert er skv. 2. og 3. mgr.) og hafa það aðalsjónarmið að telja með hafnarsvæði Reykjavíkur þau skipalægi undan lögsagnarumdæminu, þar sem skip leggjast, sem fá afgreiðslu í Reykjavík.

Um 2. gr.

Skv. þessari grein halda gildi framvegis núgildandi ákvæði l. nr. 29 1946 og laga nr. 111 1943, um framlag úr ríkissjóði til mannvirkjagerða í Reykjavíkurhöfn og fyrirhugaðrar skipasmíðastöðvar við Elliðaárvog, og ákvæði um heimildir ríkisstjórnar til þess að ábyrgjast lán fyrir hafnarsjóð til þeirra framkvæmda.

Tilsvarendi ákvæði þeim, er gilda um lánaumleitanir og lántöku erlendis til hafnargerða og lendingarbóta skv. l. nr. 29 1946, eru skv. frv. einnig látin ná til lántöku og umleitana erlendis vegna framkvæmdanna við Elliðaárvog.

Um 3. gr.

Ákvæðin um skyldur manna til að þola eignarkvaðir vegna hafnarmannvirkjana eru sams konar og gildandi 4. gr. l. nr. 29 1946.

Tilnefning yfirmatsmanna og greiðsla yfirmatskostnaðar skal skv. frv. fara eftir tilsvarendi ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 61 1917, sem sýnist í alla staði eðlilegast.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru að efni til mjög samhljóða 5. gr. l. nr. 29 1946, sbr. l. nr. 49 1932. Skýrt er tekið fram, að hafnarstjórn geti látið nema í burtu á kostnað eiganda mannvirki, sem gerð eru án leyfis eða án þess, að settum skilyrðum sé hlýtt, svo og mannvirki, sem hætta er talin stafa af, ef eigandi hlítir ekki fyrirmælum hafnarstjórnar um viðhald mannvirkisins

Um 5.—8. gr.

Með þessum gr. er kveðið á um stjórn hafnarinnar, og er horfið að því fyrir-
komulagi, sem áður var. Yfirstjórnin verður í höndum bæjarstjórnar undir umsjón
ráðherra, og er það í samræmi við 6. gr. laganna nr. 29 1946, en hafnarstjórninni,
sem kosin skal af bæjarstjórn, er fengið áhrifavald um málefni hafnarinnar til jafns
við bæjarstjórn, sbr. og ákvæði 1. mgr. 4. gr. og þó einkum 2. mgr. 8. gr.

Það nýmæli er sett í 6 gr., að kjósa skuli hafnarstjórnina til 4 ára, kjörtímabils
bæjarstjórnar. Er það í samræmi við önnur nýleg ákvæði um kjörtímabil nefnda,
sem bæjarstjórnir kjósa, t. d. barnaverndarnefnd, skólanefndir (fræðsluráð), og má
reyndar ætla, að allar nefndir bæjarstjórnar verði kosnar með þessum hætti, áður
en langt um líður.

Um 9. gr.

Að efni samhljóða 8. gr. l. nr. 29 1946.

Um 10. gr.

Þessi grein er að efni frábrugðnari gildandi ákvæðum (sbr. 9. gr. l. nr. 29 1946)
en aðrar greinar frv. Í fyrstu mgr. eru talin skipagjöld, þau gjöld, sem verða tryggð
með lögveði skv. 6. mgr.

Með reglugerð verður að ákveða nánar, hvenær skipi beri að greiða skipagjöldin,
svo sem nú er.

Bryggjugjöld og festargjöld verða ekki krafín nema fyrir afnot hafnarmann-
virkja og tækja, sem nöfnin benda til.

Lestagjald og vitagjald er ætlað að krefja með sama hætti og áður, en þessi gjöld
voru lögfest með hafnarlögunum 1911.

Skv. 2. mgr. verður lögfest að krefja ekki skipagjöld af varðskipum ríkisins, en
það hefur ekki verið gert hingað til, skv. reglugerðarákvæðum.

Ákvæðin um vörugjald, skv. 3. mgr., eru í samræmi við reglur, sem gilt hafa til
þessa, og ganga sízt lengra en tilsvarendi ákvæði l. nr. 29 1946.

Í 4. mgr. er lagt svo fyrir, að skipagjöld og vörugjöld, sem og gjöld fyrir afnot
af eignum og tækjum hafnarinnar, skuli sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir,
svo sem verið hefur, og í samræmi við l. nr. 29 1946. Þykir rétt að skipa afnotagjöld-
um af mannvirkjum, sem gerð kunna að verða við Elliðaárvog, í flokk með gjöld-
um af öðrum eignum og tækjum heldur en vísað er til með skipagjöldunum. Annars
verður þar um svo mikil mannvirki að ræða, þegar að því rekur, að þau verði gerð,
að sennilega þarf nýja löggjöf þar um, þó að gildandi lagaákvæðum um þær fyrir-
ætlanir sé haldið í frv. þessu. Þá er í 5. mgr. ákvæði um, að fela megi tollstjóra
innheimtu hafnargjalda, eftir því sem við á og hentugt þykir. Er það í samræmi
við ákvæði hafnarlaganna frá 1911. Þykir þá sanngjarnt, að ráðherra geti ákveðið,
að hafnarsjóður greiði þóknun fyrir þau innheimtustörf.

Það er nýmæli í lögum, en sams konar ákvæði eru í gildandi hafnarreglugerð-
um fyrir Reykjavíkurböfn, að heimilt sé að neita um afgreiðslu skipa hjá innheimtu-
manni ríkissjóðs, nema þau gjöld séu greidd, sem skipinu ber að greiða. Þykir sjálf-
sagt að lögfesta slíkt ákvæði, sem einkum kemur til greina um erlend skip, sem
koma hingað örsjaldan eða hafa engan fastan umboðsmann.

Þá er í 6. mgr. ákvæði um, að auk lögtaksréttar og forgangsréttar sem opinber
gjöld, skv. 83. gr. b. 3 skiptalaganna, skuli vera lögveð í skipi fyrir skipagjöldum og
hafnsögugjöldum. Lögveðsrétturinn tekur því ekki til vörugjalda né afnotagjalda af
eignum og tækjum hafnarinnar annarra en bryggju- og festargjalda. Þau gjöld ein
njóta lögtaks- og forgangsréttar, sem verða lögð á og krafín skv. staðfestri reglugerð.

Gert er ráð fyrir, að lögveðsrétturinn haldist í tvö ár frá gjaldþaga skipagjald-
anna, og er það í samræmi við fyrningarákvæði laga um fasteignarskatt til ríkis og
sveitarfélaga.

Ákvæðin í 3., 4. og 5. mgr. 9. gr. l. nr. 29 1946 eru ekki tekin í þetta frv., sum-
part vegna þess, að þau sýnast ekki eiga við um Reykjavíkurhöfn vegna staðhátta,
en jafnframt vegna þess, að hafnarstjórnin leggur ríka áherzlu á, að ákvæði 4. mgr.
nái ekki til Reykjavíkurhafnar og að öll tvímæli verði tekin af um það efni.

Um 11.—15. gr.

Þessar greinar eru að efni til nokkuð samhljóða 10.—14. gr. l. nr. 29 1946, með
þeirri breytingu, sem leiðir af því, að skv. frv. þessu er haldið „jafnræðinu“ milli
hafnarstjórnar og bæjarstjórnar, sem var sett með l. nr. 49 1932.

Um 16.—17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Fyrri mgr. þarfnast ekki skýringa, en síðari mgr. er sett vegna ákvæðis 3. mgr.
15. gr. l. nr. 29 1946, til þess að um það geti ekki orðið deilur, að núgildandi hafnar-
reglugerðir haldi gildi, þar til nýjar verða settar skv. lögum.